



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands

Hafnargata 3
340 Stykkishólmur

(354) 570 13 12
(354) 895 18 80

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Björgvin Helgason
Veitur ohf.
Bæjarháls 1
110 Reykjavík

25. september 2017
MÍ201709-0087 / 6.10 / M.A.S.

Efni: Endurnýjun lagna á Akranesi og Hvalfjarðarsveit

Með tölvubréfi dagsett 21. September 2017 óskaði Björgvin Helgason, verkefnastjóri, eftir umsögn minjavardar um framkvæmdir vegna endurnýjunar lagna í Akraneskaupstað og Hvalfjarðarstrandahrepp.

Til eru fornleifaskrár yfir framkvæmdasvæðið;
Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson. *Akranes. Fornleifaskrá.*
Fornleifastofnun Íslands 1999.

Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson. *Fornleifar í Skilmannahreppi.*
Fornleifastofnun Íslands 2003.

Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvörðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.